

Alþingi
Erindi nr. P 139/134
komudagur 8.11. 2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarks magn transfitusýra í matvælum, 11. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins taka heils hugar undir það sjónarmið að takmarka beri innihald transfitusýra í matvælum eftir föngum. Að því hefur matvælaíðnaðurinn, bæði hér á landi og annars staðar, unnið hörðum höndum á undanförunum árum.

Samtökin hafa tvívegis áður gert athugasemdir við samhljóða þingsályktunartillögu, 20. mars 2009 og 24. mars 2010 og vísa til þeirra umsagna.

Samtökin ítreka að samkvæmt mælingum Matís hefur dregið mjög úr transfitusýruinnihaldi matvæla á Íslandi á undanförunum árum, sjá tilvitnanir í fyrri umsögnum.

Í skýrslu Lýðheilsustöðvar um landskönnun á mataræði 2002 kemur fram að neysla á transfitusýrum hafi verið 3,5 g/dag árið 2002. Í ljósi fitusýrugreininganna sem vitnað er í að framan má telja að neysla transfitusýra sé nú breytt. Lýðheilsustöð vinnur nú að nýrri neyslukönnun og munu niðurstöður hennar skera úr um neyslu landsmanna á transfitusýrum.

Samtökin leggja til að beðið verði eftir þeim niðurstöðum áður en ákvörðun verður tekin um setningu reglna um hámarksinnihald transfitusýra.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Pétur Reimarsson,
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Ragnheiður Héðinsdóttir,
forstöðumaður matvælasviðs